

**Fundargerð 390. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 16. september, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. **Kjaraviðræður við SFV o.fl. stofnanir. Kynning á samningnum við SFV**
4. Fræðsluefni um styttingu vinnuvikunnar
5. **Félagsstjórnarfundur og Fulltrúaþing í sept. - uppgjör.**
6. Mánaðarlegir zoom-fundir með félagsstjórn
7. Beiðni um tilfærslu sjúkraliða á milli félagsdeilda
8. Tímalína til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.
9. Upplýsingaáætlun – drög
10. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins
11. Stefnumótun um mönnun – öflun gagna

Önnur mál

Fundargerð

1. **Fundur settur**
Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.
2. **Fundargerð síðasta fundar**
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.
3. **Kjaraviðræður við SFV o.fl. stofnanir**
SBF fór yfir að kjarasamningur hafi náðst við samninganefnd SFV. Samningurinn er að miklu leyti í takt við kjarasamninginn við ríkið, en á endanum hafi náðst inn þau atriði sem helst hafi staðið í veginum og félagið hefur lagt mikla áherslu á. Kynning

verður á samningnum 17. september kl. 16.15 og kosning um hann hefst strax að lokinni kynningu og lýkur mánudaginn 21. september klukkan 16.00.

4. Fræðsluefni um styttingu vinnuvikunnar

SBF fór yfir að verið væri að vinna fræðsluefni fyrir alla aðila um styttingu vinnuvikunnar, bæði fyrir dagvinnu- og vaktavinnufólk og benti á að inni á vefnum betri vinnutími.is væru mjög góðar upplýsingar. Mikilvægt sé að sjúkraliðar taki sem víðast þátt í þeim kynningum sem eru í boði og ef einhver vafi er þá eru starfsmenn á skrifstofu SLFÍ til aðstoðar. Fram kom að búið er að mynda öflugan stýrihóp sem leiðir innleiðinguna og útbýr gögn.

5. Félagsstjórnarfundur 9. sept. – Fulltrúaðing SLFÍ 10. sept. uppgjör

Rætt var um að bæði félagsstjórnarfundurinn og þingið hafi gengið mjög vel. Tæknimálin hafi verið í góðum höndum og hafi bæði fundur og þing gengið vandræðalaust eða lítið. Umræður hefðu verið takmarkaðar, sem skýrist að mestu leyti af fundarforminu og er það von allra að þetta sé einstakt tilvik. Fram kom að formaður félagsins fari yfir ályktanir þingsins í viðtali við blaðamann Fréttablaðsins sem birt verður fimmtudaginn 17. september.

6. Mánaðarlegir zoom – fundir með félagsstjórn

SBF fylgdi eftir umræðunni sem var á síðasta félagsstjórnarfundum um að hafa mánaðarlega zoom-fundi með stjórninni á meðan þetta ástand varir og mikið er að gerast varðandi styttingu vinnuvikunnar. Málið rætt og allir sammála um að halda slíka fundi. Ráðgert er að hafa fundina fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði.

7. Beiðni um tilfærslu sjúkraliða á milli svæðiseilda

Rætt var um tilfærslu sjúkraliðanna frá Hvammstanga í Norðvesturlandsdeild frá Vesturlandsdeild, sem var rædd á félagsstjórnarfundinum. Málið rætt áfram og ákveðið að SBF sendi þau gögn sem málið varða og brjóta ekki í bága við persónuverndarlög. Málið verði síðan rætt á aðalfundum viðkomandi deilda og afgreidd og í framhaldi af því verði málið lagt fyrir fulltrúaðing 2021.

8. Tímalína til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.

Áfram þarf að vinna með drögin að tímalínu sem sett hafa verið upp. Á tímalínunni verður hægt að glöggva sig á helstu áföngum, bæði launahækkunum, breytingum á vinnutíma og tímasetningum á bókunum. Fram kom að gott væri að upplýsingar kæmu fram þegar bendillinn væri færður yfir ákveðna dagsetning á tímalínunni. JJS og GÖG eru með þetta verkefni.

9. Upplýsingaáætlun – Drög

SBF fór yfir drög að „Upplýsingaáætluninni“, sem heldur utan um helstu áhersluatriði félagsins og varða helstu málefni hvers tíma. Allir sammála um mikilvægi slíks utanumhalds og að áfram verði unnið með áætlunina.

10. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins

SBF fór yfir að áhugi væri fyrir að gera þjónustukönnun með sambærilegum hætti og gerð var 2013. Stefnt er að því að senda hana fljótlega út.

11. Stefnumótun um mönnun

SBF fór yfir að á þinginu hafi verið rætt um að afla ákveðinna tölfræði upplýsinga/gagna um sjúkraliða til að nýta varðandi stefnumótun félagsins til framtíðar.

Önnur mál

Fundi slitið kl. 17.40